

FORKÖNNUN VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ FJÓS Í ÓLAFSDAL VIÐ GILSFJÖRÐ



Jakob Orri Jónsson, Birna Lárusdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2019

FS755-19181



Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer

201906-0052

Þjóðminjasafnsnúmer

2019-58

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu

DA-198:004. Birna Lárusdóttir (ritstjóri). 2018. Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð; Fornleifaskráning með landsháttagreiningu. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Stutt lýsing rannsóknar

Forkönnun með skurðum og ljósmyndum vegna endurgerðar fjóss frá lokum 19. aldar.

Staðsetning

Ólafsdalur við Gilsfjörð, Dalasýslu

GPS Hnit (ISN93)

A 372544, N 549478

Rannsóknartími

18.– 20.06.2019, 22. & 25.07.2019

Leyfishafi

Birna Lárusdóttir

Fjöldi starfsmanna

4

Forsíðumynd

Yfirlitsmynd, fjósið neðst í forgrunni og skólahúsið fyrir miðju, tekin með flygildi

Staðsetningarkort



Útdráttur

Til stendur að endurgera fjós bændaskólans í Ólafsdal sem reist var stuttu fyrir aldamótin 1900 og útbúa þar íbúðir. Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að fram færi eftirlit með framkvæmdum þegar grafið yrði niður úr steypu gólfi fjóssins. Framkvæmdaraðili, Minjavernd, fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að áður en framkvæmdir hæfust yrði gerð forkönnun með skurðum og að allt fjósið, veggir þess og för í steypu gólfi, yrði skráð.

Grafnir voru þrjár skurðir, einn í gegnum steypu gólf fjóssins og hinir tveir á fyrirhugaðri staðsetningum viðbygginga við fjósið, annar sunnan fjóss og hinn vestan þess. Við rannsóknina komu í ljós mannvistarlög í öllum skurðum en elstu lög sem hægt er að tímasetja eru frá 19. öld.

Lykilorð

19. öld, 20. öld, Ólafsdalur, fjós, bændaskóli, fornleifar, framkvæmdarannsókn, steinhlaðið hús

Abstract

In the valley Ólafsdalur plans are to renovate the byre of the former agricultural school which was built shortly before the beginning of the 20th century. The Cultural Heritage Agency applied a requirement that the demolition of the byre's concrete floor be monitored, but those responsible for the renovation asked the Institute of Archaeology to record the byre's walls, floors, and features therein, along with trenches, before work began on the renovations.

The entire byre was photographed and described and three trenches excavated, one through the byre's concrete floor and the other two at the site of each planned new attached constructions to the south and west of the byre. During investigations remains from the 19th and 20th century were uncovered.

Keywords

19th century, 20th century, Ólafsdalur, byre, agricultural school, archaeology, development led excavation, stone-built structure

Efnisyfirlit

FORKÖNNUN VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ FJÓS Í ÓLAFSDAL VIÐ GILSEFJÖRD	1
Grunnupplýsingar	1
Staðsetningarkort.....	2
Útdráttur	3
Lykilorð	3
Abstract	3
Keywords	3
Inngangur	5
Aðferðarfræði	6
Minjar	9
Fjóstóftin	10
Skurður 1	14
Skurður 2.....	16
Skurður 3	17
Gripir	19
Lokaorð	21
Heimildaskrá	22
Myndaskrá.....	23
Einingaskrá.....	24
Fundaskrá	1
Ljósmyndaskrá	2

Inngangur

Einn liður í uppbyggingu í Ólafsdal á vegum Minjaverndar er að endurgera fjós bændaskólans og útbúa þrjár íbúðir innan veggja þess, auk fjórðu íbúðarinnar í viðbyggingu sunnan við þar sem var haughús, og andyri og baðherbergi í viðbyggingu vestan fjóss. Þessar viðbyggingar verða reistar úr timbri en uppistandandi grjóthlaðnir veggir fjóssins verða lagfærðir.

Vegna þessa fór Minjastofnun Íslands fram á að fornleifafraeðingur skyldi hafa eftirlit með framkvæmdum þegar fjósgólfíð yrði grafið burtu. Minjavernd fór auk þess fram á það við Fornleifastofnun Íslands ses. um að grafa könnunarskurði þar sem viðbyggingar eru áætlaðar, auk þess að skrásetja ýmis ummerki sem sjást í steyptri plötu fjóssins, s.s. stoðarholur, flór og hlaðna brunna.

Í Ólafsdal stofnaði Torfi Bjarnason fyrsta bændaskóla landsins árið 1880 (<http://olafsdalur.is/sagan/>, heimsótt 24.06.2019) og í tengslum við þann skóla var fjósið reist um 30 m sunnan við skólahúsið á árunum 1897-1898 og ári seinna var byggt við það haughús að sunnanverðu. Í bók Játvarðar Jökuls Júlíssonar (1986, bls. 119-120, 182, 255) er fjallað um fjósið og segir þar að hluti af því grjóti sem nýtt var í hleðslur þess hafi komið alla leið frá Kleifum innst í Gilsfirði þar sem það hafi verið sprengt og svo hoggið til.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Ólafsdal og er fjósið skráð þar. Þar er fjallað um sögu þess og segir þar: (Birna Lárusdóttir, 2018, bls. 17):

„[...] í skýrslu um átjándá starfsár skólans 1897-98: "Byggt fjós yfir 15 nautgripi. Veggir eru úr klofnu grjóti, sements límdir utan og innan. Gólf allt úr sementssteypu með múraðri gryfju fyrir vatn og annarri fyrir þvag. Fjósið er með járnþaki sem lagt er á langbönd. Innan á sperrurnar eru negldir rimlar og pappi þar innan á. Allt er ræfrið fyllt með þurru torfi hér um bil 6 þumlunga þykku." Og um nítjándá starfsár skólans 1898-99: Haughús úr steini, 12 álna langt, 8 álna breitt innan. Veggir 4 álnir á hæð, sements límdir utan og innan. Gólfið sements steypa. Timburþak með tjörupappa utan á.“

Árið 1906 gerði Markús Torfason, skólapiltur við bændaskólann, teikningu af fjósinu sem sýnir það líkt og því er lýst hér að ofan, með áföstu haughúsi og litlu forhýsi fyrir inngangnum. Á teikningunni má sjá tvo strompa í þaki fjóssins og glugga á gaflri þess og langhliðum. Teikningin sýnir einnig innri gerð, staðsetningu jatna, bása, flórs, brunns og hlandþróar. Brunnur og hlandþró er einnig sýnd í sniði, jafndjúp en brunnurinn, sem vatn var leitt í úr manngerðum læk austan við, þó heldur mjórri.

Fjósið var í notkun allt fram til 1970 þegar búskapur lagðist af í Ólafsdal. Smám saman myndaðist gróðurþekja á steypum gólfum fjóssins og á síðustu árum var þar komið upp markaðsbásur á Ólafsdalshátíð.

Um tíma var Ólafsdalur skólasel nemenda Menntaskólans við Sund. Á þeim tíma voru kamrar settir upp yfir steyptri þró fast utan við vestuvegg fjóssins. Þróin var tæmd og svo fyllt á ný af jarðvegi við framkvæmdina 2019 og er hún því enn til staðar þó hún sjáist ekki á yfirborði.

Þegar rannsóknir hófust árið 2019 hafði gróður sem náð hafði bólfestu innan tóftarinnar þegar verið fjarlægður af Minjavernd og kom þá í ljós heillegt steyp gólf undir. Einnig hafði steypur milliveggur sem hafði staðið þegar fornleifaskráning fór fram hafði verið fjarlægður. Útveggir fjóssins stóðu enn en lagfæringar á þeim var hafin. Er áætlað að gera við alla veggi en ekki á að klæða þá svo hleðslur munu áfram vera sýnilegar. Tvær viðbyggingar verða reistar úr timbri, önnur sunnan við fjósið, þar sem haughúsið stóð og verður það fjórða íbúðin, en hin viðbyggingin mun koma vestan við fjósið, framan við dyr sem eru nú í veggjum hennar. Mun sú viðbygging hýsa andyri, eldunaraðstöðu og baðherbergi.

Helsta markmið rannsóknar var að kanna hvort eldri minjar væru til staðar á fjósstæðinu og því svæði þar sem viðbyggingar eru áætlaðar, sem og hvort og þá hvernig fjósinu hefur verið breytt í tímans rás.

Annað markmið var að skrásetja fjósið eins og það leit út fyrir endurbyggingu í þeim tilgangi að varveita upplýsingar til framtíðar og afla upplýsinga fyrir endurbyggingu hússins, en þar stendur til að láta ákveðin atriði koma fram, t.d. í gólfi.

Rannsóknin var fjármögnuð af framkvæmdaraðila, Minjavernd.

Forkönnunin fór fram á dögum 18. til 20. Júní og 22. og 25. júlí 2019 og unnu hana Birna Lárusdóttir, Jakob Orri Jónsson, Lilja Björk Pálsdóttir, og Guðrún Alda Gísladóttir, en Jakob Orri Jónsson og Lilja Björk Pálsdóttir sáu um úrvinnslu gagna. Uppgrafter- og verkefnisstjóri var Jakob Orri Jónsson.

Aðferðarfræði

Ljósmyndir voru teknar af öllum veggjum fjóssins, steyptri gólfplötu, skurðum, sniðum skurðanna, sem og einstaka mannvistarlögum. Þá voru einnig teknar ljósmyndir með flygildi til að hægt yrði að teikna upp einstök ummerki í gólfi, s.s. flór, stoðarholur, brunn og hlandfor. Skurðirnir voru vélgrafnir og var gröfumaður Arnar Eysteinnsson.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands (Lucas, 2003).

Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í Ólafsdal. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið, þeim sem grefur, kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Harris Matrix Composer er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn. (Harrismatrixcomposer.com)


Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru eininganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, 2003).

Ljósmyndir eru teknar til að lýsa eða draga fram ákveðna hluti í vettvangsvinnu. Þær geta þannig sýnt til að mynda nærmynd af hluta mannvirkis eða víðari mynd, loftmynd tekna með flygildi til að fá fram heildarmynd af rannsóknarsvæði.



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæði. Skurðir 1 og 2 sjást opnir vestan og sunnan fjóss en skurður 3 er teiknaður inn.

Minjar




Mynd 2: Staðsetning könnunarskurða

Rannsóknarsvæðið við fjósið í Ólafsdal tekur mið af fyrirhuguðum framkvæmdum, en áætlað er að framkvæmdir afmarkist af tóft fjóssins til norðurs og austurs og viðbyggingum til vesturs og suðurs. Liggur því undir svæði sem er 26 x 9 m að stærð og nær yfir fjósstæðið og svæðið vestan og sunnan þess.

Til að kanna þetta svæði voru þrjár skurðir grafnir til að kanna hvort eldri mannvistarlög væri að finna undir tóftinni. Skurður 1 var grafinn vestan tóftarinnar, skurður 2 sunnan hennar, og skurður 3 innan tóftarinnar. Einnig var torf fjarlægt af svæði vestan miðdýra fjóssins og norðan steyptrar þróar og kom þar í ljós einföld grjóthleðsla, að öllum líkindum grunnur viðbyggingar sem sýndur er á teikningu skólapiils (mynd 3).

Fjóstóftin



Teikning af fjósi og haughúsi í Ólafsdal frá árinu 1906 eftir Markús Torfason.

Mynd 3: Teikning af fjósi frá 1906, fengin úr bók Játvarðar Jökuls Júlíssonar (1986)

Útveggir fjóssins standa enn, allt að 1,78 m að hæð og uppistandandi gafl er 3,54 m að hæð. Tóft fjóssins snýr norður-suður og er 18,2 x 5,8 m að utanmáli. Veggir eru um 1 m að breidd og hlaðnir stóru tilhöggnu blágrýti með minna grjóti hlaðið á milli. Hleðslur hafa svo verið múraðar saman með sementslími. Þrír gluggar eru á austurvegg. Gegnt þeim á vesturvegg eru tvennar dyr og einn gluggi, gegnt syðsta glugganum á austurvegg. Á teikningu skólapiłts eru aðeins sýndar einar dyr á vesturvegg hússins, um miðbikið. Hefur vesturveggnum því verið breytt með því að gera dyr úr nyrsta glugganum, enda eru nú tvennar dyr á húsinu.

Gólf fjóssins er steipt plata. Auk brunns, hlandþróar og flórs má sjá stoðarholur og för eftir innréttingar fjóssins í steypunni. Á teikningu skólapiłts við bændaskólann frá 1906 (mynd 3) eru innviðir fjóssins sýndir og koma förin í steypunni vel heim og saman við þá teikningunni. Meðfram austurvegg fjóssins er, samkvæmt teikningunni, fóðurgangur. Vestan fóðurgangs eru svo jötur og brunnur. Í steypunni eru för eftir undirstöður jatnanna, um 0,08 m breitt far ef trévirki þar sem steypan rís beggja vegna við. Liggur farið eftir fjósinu endilöngu, þó mjög sé það máð í norður-helmingi fjóssins.



Mynd 4: Innan veggja fjóssins. Brunnur er í efra horninu, vinstra megin, en hlandþró til hægri. Má sjá dyr hægra megin við hlandþróna. Flórinn sést neðan við þróna og undirstöður undan jötum neðan við brunn. Að auki má sjá þrjú pör af stoðarholum fyrir miðri mynd. Norður snýr niður á myndinni.

Brunnur er í fjósinu um miðbik lengdar þess, í línu við jöturnar. Yfir brunninum er steipt lok með ferköntuðu opi, um 0,40 x 0,20 m að stærð og snýr austur-vestur, en brunnurinn sjálfur er hringlaga. Hugsanlega er að þetta steipta lok seinni tíma viðbót, þá líklega samtíða breytingum á flór og hlandþró. Ekki var hreinsað upp úr brunninum en hann var fullur af vatni, grjóti og nútíma rusli. Á teikningu Markúsar Torfasonar frá 1906 er brunnurinn þó sýndur líkur hlandfor að byggingu og stærð. Má því gera ráð fyrir að brunnurinn sé um 1 m að þvermáli og dýpt, hlaðinn og steiptur að innan líkt og hlandþróin. Vatn var leitt inn í brunninn úr manngerðum læk sem rennur austan við fjósið, fyrst í hlöðnum stökk sem hefur verið steipt fyrir og komið fyrir járnörum sem sjást þar nú.


Vestan jatna og brunns hafa básar fjóssins verið og má sjá för undan stoðum þeirra ásamt stoðarholum burðarvirkis fjóssins. Stoðarholur þessar eru yfirleitt í pörum, þó er ein undantekning á því, um 0,10 m austan flórs. Stoðarholur sem eru í pörum eru stærri og fjær flórnum, yfirleitt um 0,2 x 0,1 m að stærð, snúa austur-vestur og eru milli 0,10 m og 0,15 m djúpar. Minni stoðarholur eru nær flórnum og eru 0,10 m og 0,1 x 0,1 m að stærð. Þessar stoðarholur sjást með um 1,75 m millibili þar sem steypa í gólfinu er heil en greinilegt er að

sumar þeirra hafa verið lagfærðar eða breytt í öðrum tilgangi. Ein aflöng stoðarholan hefur verið minnkuð, steyp t í hana í þeim tilgangi, og syðsta aflanga holan er spísslaga niður, þar sem aðrar eru ferkantaðar (sjá grunnteikningu).


Austan stoðarholanna er flórinn og hlandþró. Flórinn hefur fyrst verið hlaðinn og svo steypur en grjóthleðslur eru greinilegar í köntum hans. Flórinn er rúmlega 0,60 m að breidd með vatnshalla til vesturs og svo að hlandþrónni. Dýpt flórsins, miðað við gólfið, er því milli 0,06 og 0,12 m. Flórnum og hlandþrónni hefur verið einhverntíma verið breytt, og flæði í hlandþrónnna innanhúss lokað sunnantil með steypu en þaðan hefur verið komið fyrir röri sem leiðir út fyrir vesturvegg og í steypu þrónnna. Norðantil við hlandþrónnna er enn opið fyrir flæði í þrónnna en hefur verið steyp t fyrir þar á sama tíma og járnöröri hefur verið komið fyrir til suðurs svo hægt hafi verið að loka fyrir flæði þaðan í þrónnna. Mögulega bendir þetta til að flórinn norðan hlandþróar hafi verið lítið eða ekkert notaður eftir að þverveggur var steypur. Engin merki eru um að opið hafi verið milli fjóss og haughúss, meðan það stóð, og hefur því þurft að aka mykju á milli húsanna.

Hlandþróin er innan við dyrnar fyrir miðju fjóssins og er um 1 m milli brunnsins og þrónnar. Grafið var upp úr forinni. Efst í henni var grjót, timbur, og laus mold. Neðar brún, og í botni forinnar, svört drulla sem hulin hafði verið með svörtu plasti. Mikinn fnyk lagði af þessari drullu (sem líklegast er mykja). Í drullunni fundust litlir málmgripir, naglar og vír, og veislubomba (*e. party popper*) úr plasti. Op þrónnar er hringlaga og er þvermál hennar um 1 m og er hún 1,05 m að dýpt. Ekki sjást merki um að runnið hafði úr forinni og því hefur að öllum líkindum þurft að ausa upp úr henni.

Olafsdalur 2019
 Grunntekning fjöss



Skurður 1



Mynd 5: Snið úr skurði 1


Skurður 1 var grafinn um 2 m vestan við fjósið og í sömu stefnu og það. Var hann 8 m að lengd og um 0,50 m að breidd. Syðst í skurðinum kom í ljós, beint undir yfirborði [1001] á um 0,10 m dýpi, röð grjóts [1009] sem er hluti undirstöðu viðbyggingar fjóssins. Undir því kom í ljós lag torfs [1010], líklegast sett niður til að slétta yfirborð fyrir byggingu viðbyggingarinnar. Torflag þetta lá ofan á blönduðu móöskulagi [1003], sem mátti greina á um 5 metra kafla í skurðinum og einnig í skurði 3. Um 0,60 m norðar í skurðinum er ferhyrndur skurður [1011] í gegnum móöskulagið [1003]. Uppfylling [1012] er í skurði [1011], brúnt moldarlag, mögulega fokmold.

Norðan skurðar [1011] liggur torflag [1008], örþunnt lag blandaðs torfs, ofan á móöskulagi [1003]. Er það blandað dökkbrúnni mold og fundust í því steinkol og einstaka gripir, einu gripirnir sem fundust í skurðinum fyrir utan gripir í yfirborðslagi. Allir gripir í móöskulagi [1003], auk steinkola sem í því eru, benda til að það hafi orðið til á 19. öld.

Undir móöskulagi [1003] var blandað torflag [1004], með dökk rauðum rákum og bæði ljósum og dökkum skellum. Líklegast er torflag [1004] gamalt yfirborð, tilkomið þegar móösku [1003] var dreift ofan á. Undir torflagi [1004] er náttúruleg, brún fokmold [1005].

Nyrstu þrjú metrar skurðarins skera sig úr. Þar liggur torflag [1008] ofan á röð grjóts [1013] sem gætu verið leifar vegghleðslu. Norðan grjótraðar [1013] er torflag [1006] sem er mjög þétt í sér og mjúkt, rauðleitt með svörtum sandskellum og svörtum og dökkrauðum rákum í stefnu þvert á skurðinn. Torflag [1006] er allt að 0,40 m að þykkt og liggur ofan á náttúrulegu lagi, gráu að lit, malar og leirgrúts [1007].

Mannvistarlög í skurði 1 voru yfirleitt á um 0,20 m dýpi frá yfirborði og ná niður á 0,80 m dýpi.




Mynd 6: Flatarteikning af skurði 1

Skurður 2

Skurður 2 var grafinn sunnan við gafl fjóssins og var tilgangurinn að kanna hvort einhverjar leifar haughússins væru enn til staðar og hvort eldri minjar væru þar undir. Skurðurinn var um 8x0,5 m stór og sneri austur-vestur. Undir yfirborði var þar komið niður á moldarlag [2002], dökkbrúnt með fíngerðri mól, neðan þess var svo rauðleitt lag [2003], blandað örlítilli móösku. Það lá ofan á steyptri gólfplötu [2004] haughússins. Steypa platan [2004] var á um 0,60 m dýpi frá yfirborði.


Þegar steypa platan [2004] var brotin upp kom í ljós grjótpúkk [2005] sem gólf haughússins var steyp ofan á. Lá það ofan náttúrulegu lagi, óhreyfðum jökulleir [2006] sem í mátti sjá járnútfellingar á um 0,80 m dýpi frá yfirborði. Neðst í skurðinum var svo hreinna lag jökulleirs [2007].

Þeir gripir sem fundust í skurði 2 voru allir frá 20. öld, og kúlupennar, gosflöskur, og byggingarefni s.s. járnplötur og naglar. Þessir gripir voru ekki hirtir.



Mynd 7: Sniðteikning úr skurði 2

Skurður 3



Mynd 8: Sniðteikning úr skurði 3

Skurður 3 var grafinn í gegnum steipt gólf fjóssins til móts við nyrðri dyr. Skurðurinn var um 2,20 m að lengd og 0,5 m breiður en náði ekki alveg að norðurhliðinni. Efst var steipt gólfplata [3001] og lá hún ofan á grjótpúkki [3002], sem er sambland grjóts, grúsar og sands sem mynda það undirlag sem gólfið var steipt ofan á. Neðarlega í grjótpúkki [3002] mátti sjá snifsi úr tjörupappír á einum stað en ekki fundust ummerki um tjörupappa þegar gólfið var allt brotið upp svo líklegast var þarna aðeins lagður örlítill bútur.

Undir grjótpúkki [3002] var gróðurmold og áfokslag [3003] og móöskublandað lag [3004]. Sjá má að grafið [3008] var ofan í móöskulagið þegar fjósið var byggt til að jafna undirlagið. Einnig má sjá að grafið [3007] hefur verið í gegnum lag [3003] þar sem móaskan liggur hefur eitthvert jarðrask átt sér stað áður en fjósið var byggt. Undir [3003] og [3004] er óhreyft lag með óreglulega löguðum smásteinum í ljósbrúnni mold [3005] og neðst lag af ljósbrúnni, sendinni mold [3006].

Þann 22. og 25. júlí kom fornleifafraeðingur til að fylgjast með þegar svæðið vestan við fjósið var grafið burtu og gólfið innan í fjósinu brotið upp. Engar nýjar upplýsingar komu fram við það eftirlit. Skurður 1 endurspeglar mannvistarlög og jarðveg vestan fjóss og skurður 3 hvernig var umhorfs á sjálfu fjósstaðinu og byggingarsögu fjóssins. Til fróðleiks má þó minnst á það að Heklugjóskan 1693 er sýnileg *in situ* u.þ.b. 2 m vestan við fjósvegginn og um 2 til 4

centimetrum undir gjóskunni er áfok og jökulleir, svo engar vísbendingar eru um eldri byggð á þessum stað heldur fremur að þarna hafi verið melur fram eftir öldum.

Gripir

Gripirnir eru allir frá seinni hluta 19. aldar eða 20. öld. Mest af gripum eru járngríp af ýmsum gerðum, s.s. naglar og skeifur. Þá fundust verksmiðjuframleidd leirkersbrot í móöskulagi [1003], rúðuglerbrot, einn BIC penni úr plasti, og veislubomba (*e. party popper*), einnig úr plasti og framleidd í Taiwan. Allir gripir fundust í yfirborðslögum, móöskulagi [1003] og svo í handþró innan fjóss. Gripirnir voru ljósmyndaðir og eru upplýsingarnar um þá varðveittar í gagnagrunni rannsóknarinnar. Leirker og valdir járngríp voru hirtir en öðrum með minna varðveislugildi fargað (sjá gripaskrá).



Mynd 9. Veislubomba, framleidd í Taiwan.



Mynd 10. Hurðalamir og hlutar úr verkfærum úr járni.

Lokaorð

Fornleifarannsóknin leiddi og í ljós að mannvistarlög frá því seint á 19. öld og fram á þá 20. var að finna á framkvæmdarsvæðinu. Kemur það heim og saman við ritheimildir og elstu túnakort frá 1882-1883 en þau sýna ekki byggingar á þessum stað en skammt vestar má sjá hús, sennilega á þeim stað sem síðar var byggð hlaða. Sé stiklað á stóru má skipta minjunum sem fundust í þrjú tímabil:

- A) Elstu mannvistarlög sem fundust tengjast búskap og umsvifum heimilishaldsins á tímum bændaskólans í Ólafsdal, þar sem móaskan úr eldhúsinu var borin á tún til jarðabóta. Gripirnir sem fundust benda til seinni hluta 19. aldar.
- B) Byggingu fjóssins, þegar grunnurinn var jafnaður var m.a. grafið ofan í móöskuna. Einstakt tækifæri gafst við framkvæmdaefirlitið að skrá fyrri tíma verklag við byggingu þessa merka steinhlaðna húss, hvernig jarðvinnan fór fram og grunnurinn var undirbúinn fyrir þá framkvæmd. Fjósið var reist um 1897-1898 og eru gripirnir sem fundust frá seinni hluta 19. aldar til þeirrar 20.
- C) Fjósið var í notkun til um 1970. Gripirnir sem fundust í yfirborðslögum spanna seinni hluta 19. aldar til 20. aldar.

Heimildaskrá

- Birna Lárusdóttir (ritstjóri). 2018. *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð; Fornleifaskráning með landsháttagreiningu*. FS708-16132. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
- Játvarður Jökull Júlíusson. 1986. *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalskóla: Nemendatal Ólafsdalskóla 1880-1907*. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.
- Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Myndaskrá

Mynd	Blaðsíða	Texti
Forsíðumynd	Forsíða	Yfirlitsmynd yfir fjósið í Ólafsdal, hús Bændaskólans fyrir miðri mynd
Staðsetningarkort	1	Staðsetning Ólafsdals á Íslandskorti
Mynd 1	8	Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæði. Skurðir 1 og 2 sjást opnir vestan og sunnan fjóss en skurður 3 er teiknaður inn.
Mynd 2	9	Staðsetning könnunarskurða
Mynd 3	10	Teikning af fjósi frá 1906, fengin úr bók Játvarðar Jökuls Júlíssonar (1986)
Mynd 4	11	Innan veggja fjóssins. Brunnur er í efra horninu, vinstra megin, en hlandþró til hægri. Má sjá dyr hægra megin við hlandþróna. Flórin sést neðan við þróna og undirstöður undan jötum neðan við brunn. Að auki má sjá þrjú pör af stoðarholum fyrir miðri mynd. Norður snýr niður á myndinni
Grunnteikning fjóss	13	Grunnteikning af fjósinu í Ólafsdal
Mynd 5	14	Snið úr skurði 1
Mynd 6	15	Flatarteikning af skurði 1
Mynd 7	16	Sniðteikning úr skurði 2
Mynd 8	17	Sniðteikning úr skurði 3
Mynd 9	19	Veislubomba, framleidd í Taiwan.
Mynd 10	19	Hurðalamir og hlutar úr verkfærum úr járn.

Einingaskrá

Skurður	Eininganúmer	Lýsing
Skurður 1	1001	Yfirborðslag
Skurður 1	1002	Fokmoldarlag
Skurður 1	1003	Blandað móöskulag
Skurður 1	1004	Blandað torflag
Skurður 1	1005	Fokmoldarlag, brúnt
Skurður 1	1006	Torflag
Skurður 1	1007	Náttúrulegt, grá mól og leirgrútur
Skurður 1	1008	Blandað torflag, örþunnt, innihledur steinkol
Skurður 1	1009	Grjótröð, undirstaða viðbyggingar fjóss
Skurður 1	1010	Torflag, sléttun
Skurður 1	1011	Skurður
Skurður 1	1012	Uppfylling [1011], brúnt moldarlag, mögulega fokmold
Skurður 1	1013	Grjótröð
Skurður 2	2001	Yfirborðslag
Skurður 2	2002	Moldarlag, dökkbrúnt m/fingerðri mól
Skurður 2	2003	Moldarlag, rauðleitt, blandað móösku
Skurður 2	2004	Gólfplata haughússins, steypa
Skurður 2	2005	Grjótpúkk, ljóst
Skurður 2	2006	Náttúrulegt, óhreyfður jökulleir
Skurður 2	2007	Náttúrulegt, óhreyfður jökulleir
Skurður 3	3001	Gólfplata fjóssins, steyp
Skurður 3	3002	Grjótpúkk, grjót, grús og sandur
Skurður 3	3003	Áfoksmold
Skurður 3	3004	Blandað lag, móaska og áfoksmold
Skurður 3	3005	Náttúrulegt, óhreyft, ljósbrúnt moldarlag
Skurður 3	3006	Náttúrulegt, óhreyft, ljósbrúnt sendið moldarlag
Skurður 3	3007	Skurður í gegnum [3003], fyllt af [3004]
Skurður 3	3008	Skurður í gegnum [3004], fyllt af [3002]

Fundaskrá

Fundan úmer.	Eining	Efni	Tegund	Lýsing	Fjöldi
1	[1001]	Leir	Múrsteinn	Rauður múrsteinn	2
2	[1001]	Járn	Skeifur, hurðajárn og verkfæri	2x heilar skeifur m/hóffjöðrum, 1x hálf skeifa, 2x brot úr hurðalömum, 3x brot úr verkfærum	8
3	[1003]	Leir	Ílát	Verksmiðjuframleidd leirkersbrot (Refined Earthenware)	4
4	[1003]	Járn	Naglar	Vírnaglar	2

Ljósmyndaskrá

Safnnr.	Ljós nr	Svæði	Áttahorf	Myndefni	Dagsetning	Ljósmyndari
2019-58	DSC_0703	Skurður 1	Norður	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0704	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0705	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0706	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0707	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0708	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0709	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0710	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0711	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0712	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0713	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0714	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0723	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0724	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0725	Skurður 1	Lóðrétt	Mannvistarlög í skurði, m.a.a móaska	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0747	Skurður 1	Vestur	Sniðteikning, undirbúin, vestursnið	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0748	Skurður 1	Vestur	Sniðteikning, undirbúin, vestursnið	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0777	Skurður 1	Vestur	Könnun í norðurenda skurðar 1	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0778	Skurður 1	Vestur	Könnun í norðurenda skurðar 1	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0779	Skurður 1	Vestur	Könnun í norðurenda skurðar 1	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	IMG_6075	Skurður 2	Vestur	Yfirlit af skurði 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6078	Skurður 2	Austur	Yfirlit af skurði 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6079	Skurður 2	Austur	Yfirlit af skurði 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6080	Skurður 2	Norður	Mynd af jarðlögum í norðurhlið skurðar 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6081	Skurður 2	Norður	Mynd af jarðlögum í norðurhlið skurðar 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6083	Skurður 2	Norður	Mynd af jarðlögum í norðurhlið skurðar 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6084	Skurður 2	Norður	Mynd af jarðlögum í norðurhlið skurðar 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir

2019-58	IMG_6086	Skurður 2	Norður	Mynd af jarðlögum í norðurhlið skurðar 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	IMG_6090	Skurður 2	Norður	Mynd af jarðlögum í norðurhlið skurðar 2	20. júní 2019	Lilja Björk Pálsdóttir
2019-58	DSC_0753	Skurður 3	Suður	Yfirlit af skurðstæði 3 í fjósi	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0754	Skurður 3	Austur	Yfirlit af skurðstæði 3 í fjósi	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0755	Skurður 3	Vestur	Yfirlit af skurðstæði 3 í fjósi	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0756	Skurður 3	Norður	Yfirlit af skurðstæði 3 í fjósi	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0757	Skurður 3	Suður	Yfirlit af skurðstæði 3 í fjósi	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0758	Skurður 3	Suðvestur	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0759	Skurður 3	Suðvestur	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0760	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0761	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0762	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0763	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0764	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0765	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0766	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0767	Skurður 3	Suður	Suðurhlið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0780	Skurður 3	Austur	Austursnið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0781	Skurður 3	Austur	Austursnið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0782	Skurður 3	Austur	Austursnið skurðar 3	20. júní 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	DSC_0715	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0716	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0717	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0718	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0719	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0720	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0721	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0722	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0726	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0727	Fjós, inni	Lóðrétt	För í fjósgólfi	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson

2019-58	DSC_0650	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0651	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0652	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0653	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0654	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0655	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0656	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0657	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0658	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0659	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0660	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0661	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0662	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0663	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0664	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0665	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0666	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0667	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0668	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0669	Fjós, úti	Austur	Vesturveggur fjóss, hleðsla, úti	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0621	Fjós, inni	Norðvestur	Vinnumynd, yfirlit, grafið úr hlandþró	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0622	Fjós, inni	Norðvestur	Vinnumynd, yfirlit, grafið úr hlandþró	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0623	Fjós, inni	Suðaustur	Vinnumynd, yfirlit, grafið úr hlandþró	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0638	Fjós, úti	Suður	Vinnumynd, yfirlit, sláttur fyrir utan vesturvegg	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC_0639	Fjós, úti	Suður	Vinnumynd, yfirlit, sláttur fyrir utan vesturvegg	19. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DJI_0125	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir
2019-58	DJI_0126	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir
2019-58	DJI_0127	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir
2019-58	DJI_0128	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir
2019-58	DJI_0129	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir

2019-58	DJI_0250	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir
2019-58	DJI_0251	Umhverfi	x	Loftmyndir úr dróna af fjósi og umhverfi	19. júní 2019	Birna Lárusdóttir
2019-58	IMG_0207	Umhverfi	Suðaustur	Yfirlit	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0208	Umhverfi	Suðaustur	Yfirlit	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0209	Umhverfi	Vestur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0210	Umhverfi	Vestur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0211	Umhverfi	Austur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0212	Umhverfi	Austur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0213	Umhverfi	Austur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0214	Umhverfi	Austur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0215	Umhverfi	Austur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0216	Umhverfi	Austur	Hlandþró vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0217	Umhverfi	Austur	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0218	Umhverfi	Austur	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0219	Umhverfi	Norður	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0220	Umhverfi	Norður	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0221	Umhverfi	x	Grjót úr undirstöðum haughúss sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0222	Umhverfi	Suðaustur	Jarðlög sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0223	Umhverfi	Norður	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0224	Umhverfi	Vestur	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0225	Umhverfi	Norður	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0226	Umhverfi	Austur	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0227	Umhverfi	Austur	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0228	Umhverfi	Austur	Jarðvinna og grunnur sunnan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0229	Umhverfi	Norður	Jarðvinna og grunnur vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0230	Umhverfi	Norður	Jarðvinna og grunnur vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0231	Umhverfi	Suður	Jarðvinna og grunnur vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0232	Umhverfi	Suður	Jarðvinna og grunnur vestan fjóss	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0233	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0234	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir

2019-58	IMG_0235	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0236	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0237	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0238	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0239	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0241	Umhverfi	Austur	Veggur, undirstöður/hleðsla/grunnur vesturveggs fjóss. Skófla 1 m	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0244	Umhverfi	Norður	Jarðveggsnið við vesturvegg. Skófla 1 m.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0245	Umhverfi	Norður	Jarðveggsnið við vesturvegg. Skófla 1 m.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0246	Umhverfi	Norður	Jarðveggsnið við vesturvegg. Skófla 1 m.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0247	Umhverfi	Norðvestur	Jarðveggsnið við vesturvegg. Skófla 1 m.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0248	Umhverfi	Norður	Jarðveggsnið við vesturvegg. Skurður fyrir veggþúkki.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0249	Umhverfi	Norðvestur	Jarðveggsnið við vesturvegg. Yfirlit.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0250	Umhverfi	Norðvestur	Jarðveggsnið við vesturvegg. Yfirlit.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0251	Umhverfi	Suðaustur	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0253	Umhverfi	Norður	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	22. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0297	Fjós, úti	Suður	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0298	Fjós, úti	Suður	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0299	Fjós, úti	Suðaustur	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0300	Fjós, úti	Norðaustur	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0301	Fjós, úti	Norður	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0302	Fjós, úti	Norðaustur	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0303	Fjós, úti	Suðaustur	Yfirlit yfir svæði vestan fjóss.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0304	Fjós, inni	Suður	Innanfjós, undir gólfplötu	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0305	Fjós, inni	Suður	Innanfjós, undir gólfplötu	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0306	Fjós, inni	Norður	Innanfjós, undir gólfplötu	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0307	Fjós, inni	Austur	Rör í gegnum austurvegg.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0308	Fjós, inni	Vestur	Vesturveggur, hleðsla og grunnur. Skóflan er 1 m.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0309	Fjós, inni	Vestur	Vesturveggur, hleðsla og grunnur. Skóflan er 1 m.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0310	Fjós, inni	Vestur	Vesturveggur, hleðsla og grunnur. Skóflan er 1 m.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir
2019-58	IMG_0311	Fjós, inni	Norður	Austurveggur.	25. júlí 2019	Guðrún Alda Gísladóttir

2019-58	DSC09882	Gripir	x	Veislubomba - ekki hirt	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09883	Gripir	x	Veislubomba - ekki hirt	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09888	Gripir	x	Leirkersbrot - OLD2019-58-003	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09889	Gripir	x	Leirkersbrot - OLD2019-58-003	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09891	Gripir	x	Glerbrot - rúðugler - ekki hirt	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09892	Gripir	x	Járnklumpar - nútími -ekki hirt	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09893	Gripir	x	Kúlupenni - ekki hirt	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09894	Gripir	x	Skeifur OLD2019-58-002	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09895	Gripir	x	Rúðugler - ekki hirt	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09896	Gripir	x	Skeifur OLD2019-58-002	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09897	Gripir	x	Naglar OLD2019-58-004	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09898	Gripir	x	Hurðajárn OLD2019-58-002	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson
2019-58	DSC09899	Gripir	x	Hurðajárn OLD2019-58-002	20. júní 2019	Jakob Orri Jónsson